

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er unnin og sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

2. gr.

Samkvæmt álagningu gjalda sem samþykkt var í bæjarráði þann 14. desember síðastliðinn nema gjöld fyrir sorpeyðingu og sorphreinsun eftirfarandi:

Sorphreinsun, á íbúð 21.462 kr. á ári

Sorpeyðingargjald, á íbúð 48.481 kr. á ári

Umrædd gjöld ná til um 50% af heildarkostnaði við sorphreinsun og sorpeyðingu. Samkvæmt nýsamþykktum lögum ber sveitarfélögum að innheimta heildarkostnað sorpeyðingar- og sorphreinsunargjalda með álagningu á einstaklinga og fyrirtæki miðað við það magn sorps sem losað er. Til stendur að innleiða kerfi sem mælir losun einstakra fyrirtækja og heimila á þessu ári. Þegar því er lokið mun mismunur á ofangreindu sorpeyðingar- og sorphirðugjaldi innheimtast miðað við það magn sorps sem losað er. Mismunurinn verður lagður á í sérstakri álagningu síðar á árinu.

Heiti	Pr./m ³	Skýring
Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur	34.425 kr.	Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi
Blandaður rekstrarúrgangur	22.954 kr.	Almennt sorp, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	6.257 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn vegna beina)
Ólitað timbur	6.257 kr.	Bretti, ómálað timbur
Litað timbur	10.429 kr.	Gagnvarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	6.257 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Veiðarfæri	34.425 kr.	
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast,raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinar,lauf
Annað		Samkvæmt tilboði
Spilliefni		Samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva (efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Samkvæmt tilboði

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Heimilt er að innheimta kostnað vegna umframmeðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umframmeðhöndlunar.

Undanþegar magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

3. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp eða í síma 488 2530.

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar 23. febrúar 2023, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 197/2021 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

Vestmannaeyjum, 30. janúar 2023.

Brynjar Ólafsson framkvæmdastjóri.